



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. mars 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn. Þingskjal 192 – 191. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna umræddri tillögu. Öll börn eiga rétt á umönnun og vernd og ekki má mismuna börnum um þau réttindi vegna stöðu þeirra eða stöðu foreldra þeirra. Um þetta er kveðið á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Því er það mikið framfaraskref í réttindum barna ef að í lögum er kveðið á um sjálfstæðan rétt hvers barns til að njóta umönnunar foreldra sinna óháð fjölskyldustærð eða annarra aðstæðna.

Réttur barna sem eru veik eða hafa slasast, til að njóta umönnunar foreldra sinna á að mati samtakanna að vera tryggður í lögum um almannatryggingar, jafnt og óháð atvinnuþátttöku eða stéttarfélagi. Þó að stéttarfélög gegni mikilvægu hlutverki í að tryggja launafólki sanngjarnan skerf af verðmætasköpun og uppbyggingu réttláts samfélags eru ekki allir aðilar í stéttarfélagi og tryggja skal að slíkt stuðli ekki að mismunun þegar kemur að umönnun barna.

Á Íslandi eru til fjölmörg samtök til stuðnings börnum með fjölbreytta sjúkdóma eða heilkenni. Þörf fyrir þessi samtök hefur verið mikil þar sem stuðningur hins opinbera hefur ekki verið nægur og upplýsingaskyldu stjórnvalda ekki verið sinnt sem skyldi. Foreldrar hafa þurft að hafa mikið fyrir því að leita upplýsinga og finna leiðir til að fá aðstoð fyrir barn sitt. Umrædd samtök hafa ekki síst verið fjárhagslegur stuðningur fyrir fjölskyldur langveikra barna, vegna tekjumissis sem foreldrar verða fyrir vegna veikinda barnanna. Að mati Barnaheilla er það algjörlega óásættanlegt að fjölskyldur langveikra barna þurfi að búa við fjárhagserfiðleika vegna veikinda barnanna.

Barnaheill leggja til að umræddur stafshópur hugi jafnframt að því að bæta upplýsingaskyldu stjórnvalda, með því að auka samvinnu kerfa. Jafnframt að foreldrar þurfi ekki að standa straum af kostnaði vegna veikinda barna sinna.

Barnaheill hvetja enn fremur til þess að sjónarmiðum um rétt barna til umönnunar foreldra sinna verði bætt við frumvarp félags- og barnamálaráðherra um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem nú er í þinglegri meðferð. Jafnframt verði lögð áhersla á að einfalda foreldrum aðgengi að nauðsynlegum úrræðum, fjárhagslegum sem og annars konar, svo þau megi sem best þjónusta börn sín. Tryggja þarf jöfnuð foreldra og barna til fjárhagsöryggis þegar veikindi eða slys barna krefjast þess.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja áherslu á bann við mismunun. Sú staða sem nú er uppi mismunar börnum um umönnun foreldra sinna því réttur hvers foreldris til hennar er byggður á mismunandi kjarasamningum. Úr því þarf að bæta og tryggja að réttur barnsins til umönnunar foreldra sinna verði tryggður og án mismununar.

Reykjavík 18.3.2021

Efni: Umsögn um þingslályktun 191. Mál, 151. Lögjafabing. Skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn

Umsögn Góðvildar um tillögu til þingslályktunar um skipun starfshóps um rétt barns til umönnunar

Sá hópur barna sem Góðvild sinnir eru langveik og/eða fötluð börn.

Foreldrar þessara barna eru í stöðugum ótta við að missa atvinnu sína vegna veikinda barnsins. Í dag er þessi veikindaréttur foreldra aðeins 96 klst og eru þessar klukkustundir oft uppunar á fyrstu mánuðum ársins.

Í flestum tilfellum eru þessir foreldrar uppá náð og miskun atvinnuveitanda sem oft á tíðum dregur þá tíma sem falla utan þessara 96 klst af sumarorlofinu og því missir því barnið af mikilvægum gæðastundum foreldra.

Í dag er veikindaréttur foreldra langveikra eða/og fatlaðra barna sá sami og veikindaréttur barna sem eru ekki langveik/fötluð og er það þá undir hverjum atvinnuveitanda komið hvort að þeir komi eitthvað til móts við foreldra langveikra barna eða ekki.

Við höfum aðeins kynnt okkur þessi mál innan Evrópulandana og í flestum tilfellum er aukinn veikindaréttur hjá foreldrum langveikra/fatlaðra barna en með misjöfnum nálgunum. Þessi aukni veikindaréttur ætti að vera greiddur af ríki eða sveitafélagi svo að hann leggist ekki á atvinnuveitanda.

Norðurlöndin eru með ákveðið marga daga aukalega á ári en td Ítalía er með aukalega 2 ár sem foreldrar langveikra/fatlaðra barna hafa til umráða frá fæðingu til 18 ára aldurs. Svo eru ýmis tilbrigði þarna á milli. Eðlilegast væri að fylgja fordæmi Norðurlandanna enda okkar stjórnsýsla líkust þeirra.

Við fögnum því að rétturinn til umönnunar færist til barnsins en á sama tíma þarf að hugsa til þess að foreldrar langveikra og fatlaðra barna eigi ekki á hættu að verða taldir þriðja flokks starfsfólk og eigi erfitt með að fá eða halda vinnu vegna þessa réttinda barnsins.

Einnig þarf að skilgreina foreldra í þessu tilviki sem eru ekki endilega blóðforeldrar hugsanlega væri betra að nota orðið „forsjáraðili“ en hugtakið þarf að vera skilgreint.

Að lokum viljum við nefna að við erum tilbúin að taka þátt í vinnuhópnum verði hann að veruleika.

Fyrir hönd Góðvildar

Sigurður Hólmar Jóhannesson

Framkvæmdastjóri

www.godvild.is

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn, 191. mál.

Landssamtökin Proskahjálpar vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fötluð börn og fólk með þroskahömlun. Samtökin byggja stefnu sína á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, samningi SP um réttindi fatlaðs fólks og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum.

Landssamtökin Proskahjálpar styðja þau sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu og taka undir mikilvægi þess að rétturinn til þess að annast slasað eða veikt barn sé skilgreindur á vinnumarkaði og taki tillit til fjölda barna. Slík ráðstöfun tæki með augljósum hætti mið af því sem er barni fyrir bestu, líkt og barnasáttmáli SP og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kveða á um. Í 2. mgr. 7. gr. síðarnefnda samningsins segir:

„Í öllum aðgerðum, sem snerta fötluð börn, skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu.“

Í 23. gr. samningsins, sem hefur yfirskriftina „Virðing fyrir heimili og fjölskyldu“ segir í 3. mgr.:

„Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum jafnan rétt með tilliti til fjölskyldulífs. Til þess að þessi réttur verði að veruleika og í því skyni að koma í veg fyrir að fötluðum börnum sé leynt, þau yfirgefin, vanrækt eða að þau séu þolendur aðskilnaðar skulu aðildarríkin skuldbinda sig til þess að veita fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra snemma alhliða upplýsingar, þjónustu og stuðning.“

Réttur foreldra til umönnunar vegna veikinda eða slysa barna sinna er afar mikilvægur fötluðum börnum sem glíma við heilsubrest og/eða veikindi sem tengist fötlun þeirra. Landssamtökin Proskahjálpar telja að það væri mjög til bóta að sá réttur tæki mið af fjölda barna, þ.e. að hverju barni sé tryggð umönnun foreldra eða forsjáraðila ef um slysa eða veikindi er að ræða og styðja því heilshugar frumvarpið og að skipaður verði starfshópur um útfærslu þessara réttinda.

Þá lýsa samtökin sig reiðubúin til samstarfs og ráðgjafar við framkvæmd þingsályktunartillögunnar verði hún samþykkt og minna í því sambandi á samráðsskylduna sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks:

„Þegar aðildarríkin undirbúa löggjöf sína og stefnu samningi þessum til framkvæmdar og vinna að því að taka ákvarðanir um málefni sem varða fatlað fólk skulu þau hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, einnig fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.“

Landssamtökin Þroskahjálp óska eftir að fá fund með velferðarnefnd til að gera betur grein fyrir áherslum sínum og sjónarmiðum varðandi þingsályktunartillöguna og skyld mál.

Virðingarfyllst.

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Þroskahjálpar.

Anna Lára Steindal, verkefnasjóri í málefnum fatlaðra barna, ungmenna og fólks af erlendum uppruna.

Lúðvík Júlíusson
Hraunbær 58
110 Reykjavík

Alþingi - nefndasvið
b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. október 2020

Efni: Umsögn um þingsályktun 191. mál, 151. löggjafarþing. Skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn.

Fyrir Alþingi liggur tillaga að þingsályktun um skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn.

Ég vil fagna því að áhugi sé fyrir því að bæta stöðu barna og foreldra þeirra. Að nokkru þarf þó að huga.

Í þingsályktuninni er hugtakið „foreldri“ ekki skilgreint. Hugtakið getur átt við mjög fjölbreyttan hóp fólks. Þessum hópi tilheyra einstæðir foreldrar, forsjárlausir foreldrar, fráskildir foreldrar með sameiginlega forsjá, einstæðir foreldrar sem hafa misst maka, foreldrar sem eru í sambúð, fráskildir foreldrar í sambúð, stjúpfórelldrar o.s.fr.v. Þetta er því mjög fjölbreyttur hópur.

Þeir foreldrar sem fara með forsjá og hafa forsjárskyldur eru foreldrar sem fara með forsjá barna sinna, einnig sé forsjá sameiginleg. Það er því ljóst að réttindin eru í einhverjum tilfellum að fara á tvö heimili barna.

Einn hópur foreldra sem oft er ekki talinn upp eru stjúpfórelldrar. Þeir hafa skyldur og ábyrgð gagnvart barni, óháð því hvort stjúpfórelldrið sé maki lögheimilisforeldris eða ekki. Sumir hverjir hafa alið barn upp frá blautu barnsbeini eftir fráfall annars foreldrisins. Það er því nauðsynlegt að þessi hópur foreldra fái sömu réttindi og aðrir foreldrar í þeim tilfellum sem barn veikist eða slasast.

Ég vil einnig nota tækifærið og benda á að hugtakið „forráðamaður“ er ekki lengur notað. Í stað þess er hugtakið „forsjáraðili“ notað, sbr. 28. gr. V. kafla barnalaga, 76/2003. Hugtakið „forráðamaður“ er óljóst hugtak og er hvergi skilgreint í lögum eða hefð.

Notkun hugtaka eins og „foreldri“ og „forráðamaður“ án þess að þau séu skýrt skilgreind í lögum geta verið mjög villandi og orðið til þess að bæði börn og foreldrar fái ekki þau réttindi sem lög eiga að tryggja þeim.

Virðingarfyllt,

Lúðvík Júlíusson



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 18. mars 2021

Efni: Tillaga til þingsályktunar um skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn, 191. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 9. mars sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreinda tillögu til þingsályktunar, en þar er lagt til að Alþingi álykti að fela félags- og barnamálaráðherra að skipa starfshóp sem skoði hvort skilgreina eigi rétt foreldra eða forsjáraðila á vinnumarkaði til að annast veikt eða slasað barn með tilliti til fjölda barna. Gerir tillagan ráð fyrir því að í starfshópnum eigi sæti auk umboðsmanns barna fulltrúar Alþýðusambands Íslands, BSRB, BHM, Samtaka atvinnulífsins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fjármála- og efnahags- og félagsmálaráðuneytis.

Umboðsmaður barna telur löngu tímabært að taka til skoðunar stöðu langveikra og slasaðra barna, með sérstakri áherslu á rétt þeirra til umönnunar og stuðnings foreldra. Markmið umræddrar tillögu er fyrst og fremst að kanna hvort skilgreina eigi á vinnumarkaði rétt foreldra og forsjáraðila til að annast veikt eða slasað barn, þannig að hvert barn njóti einstaklingsbundins réttar til umönnunar foreldra í kjölfar slyss eða veikinda, í stað þess að miðað sé við tiltekinn fjölda daga fyrir hvert foreldri, óháð fjölda barna.

Umboðsmaður barna styður samþykkt tillögunnar, og mun veita verkefninu liðsinni sitt með því að taka þátt í vinnu starfshópsins, komist hann á laggirnar. Að lokum skal áréttað að orðið forráðamenn barna sem er að finna í tillögunni er ekki lengur að finna í íslenskri löggjöf. Mörg ár eru síðan hugtökin forræði og forráðamaður voru tekin úr íslenskri löggjöf og skipt út fyrir forsjá og forsjáraðila, í þeim tilgangi að leggja áherslu á umönnunar- og verndarþátt foreldraskyldna í stað foreldravalds.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal,
umboðsmaður barna

Efni: Tillaga til þingsályktunar um skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn – umsögn

Til umsagnar er tillaga til þingsályktunar um skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn. Er markmiðið að kanna hvort skilgreina eigi rétt foreldra eða forráðamanna á vinnumarkaði til að annast veikt eða slasað barn með tilliti til fjölda barna.

Umhyggja – félag langveikra barna fagnar þessu og styður eindregið skipun starfshóps um málið. Um er að ræða mikilvægt hagsmunamál fyrir öll börn í landinu og ekki síst þau sem glíma við langvinn veikindi. Í núverandi fyrirkomulagi standa börn sannarlega ekki jafnvíg þegar kemur að möguleikum þeirra til að njóta umönnunar foreldra eða forráðamanna, þar sem fjöldi barna í fjölskyldu hefur áhrif á það hversu marga daga foreldri getur verið heima með hverju veiku barni án þess að verða fyrir tekjuskerðingu. Sem dæmi má nefna að í dag getur einkabarn tveggja foreldra notið umönnunar foreldra sinna samtals 20 veikindadaga á ári. Hins vegar getur barn einstæðs foreldris sem er hluti af þriggja barna systkinahópi aðeins notið umönnunar foreldris í 3,3 daga á ári. Því miður spyrja veirur og bakteríur ekki um stöðu heima fyrir áður en þær taka sér bólfestu í barni. Því er brýnt að þetta sé leiðrétt og veikindadagar barna fylgi hverju og einu barni, enda ætti réttur hvers barns til umönnunar foreldris að vera sá sami óháð systkinafjölda.

Umhyggja vill um leið leggja fram eindregna ósk um að væntanlegur starfshópur skoði hvort breyta skuli þeirri almennu reglu að veikindadagar barna gildi aðeins fyrir börn fram að 13 ára aldri. Færa má rök fyrir því að heilbrigð börn sem veikjast af umgangspæstum geti í flestum tilvikum verið ein heima séu þau orðin eldri en 13 ára. Í tilvikum barna með langvinna sjúkdóma, fatlanir eða stuðningsþarfir á þetta hins vegar ekki við. Það gefur auga leið að börn sem hafa meiri stuðningsþarfir en gerist og gengur hætta ekki að þurfa á slíkum stuðningi að halda, þegar þau eru veik heima, daginn sem þau verða 13 ára. Sem dæmi má nefna að vandkvæði t.d. barna með sykursýki aukast mjög oft þegar þau ná unglingsaldri, einmitt vegna breytinga í hormónakerfum líkamans, þannig að barn sem er 13-14 ára getur þurft meiri aðstoð í veikindum en barn sem er 11 ára. Þykir okkur því eðlilegt og brýnt að miðað sé við að öllum þeim börnum sem eru með umönnunargreiðslur fylgi veikindaréttur til 18 ára aldurs.

Umhyggja – félag langveikra barna áréttar einlægan áhuga og vilja til samráðs í málinu og er tilbúið að koma að því á öllum stigum í framhaldinu.

Fyrir hönd Umhyggju – félags langveikra barna,

Árný Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri



Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2021

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn, þingskjal 192-191. mál.

ÖBÍ styður þingsályktunartillöguna og vonast til þess að hún verði samþykkt.

ÖBÍ er sammála því að endurskoða þurfi réttindi fatlaðra og langveikra barna til umönnunar foreldra/forsjáraðila enda segir í 23. grein, 3, tölulið í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, „aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum jafnan rétt með tilliti til fjölskyldulífs. Til þess að þessi réttur verði að veruleika og í því skyni að koma í veg fyrir að fötluðum börnum sé leynt, þau yfirgefin, vanrækt eða að þau séu þolendur aðskilnaðar skulu aðildarríkin skuldbinda sig til þess að veita fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra snemma alhliða upplýsingar, þjónustu og stuðning“.

ÖBÍ er heildarsamtök fatlaðs fólks á Íslandi og samanstendur af 42 aðildarfélögum sem öll eru hagsmunasamtök ólíkra fötlunarhópa og er samanlagður félagafjöldi þeirra um 40.000 manns.

ÖBÍ gerir alvarlegar athugasemdir við það að fá hvorki umsagnarbeiðni um þingsályktunartillöguna né vera talið upp ásamt þeim aðilum sem lagt er til að fái sæti í starfshópnum en þar eru fyrir utan umboðsmann barna einungis aðilar sem snúa að vinnumarkaðinum. ÖBÍ telur nauðsynlegt að

hagsmunasamtök fatlaðs fólks eigi einnig sæti í starfshópnum til að koma hagsmunum fatlaðra og langveikra barna á framfæri.

Rétt er að minna á að stjórnvöldum er skylt að hafa virkt samráð við heildarsamtök fatlaðs fólks um ákvarðanir sem varða hagsmuni þess, samkvæmt ákvæðum Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SSRF), enda segir í 3. mgr. 4. gr., „aðildarríkin skulu, þegar þau undirbúa og beita löggjöf sinni og stefnu samningi þessum til framkvæmda og vinna að ákvarðanatöku um málefni fatlaðs fólks, hafa náið samráð og tryggja virka þátttöku fatlaðs fólks, þ.m.t. fötluð börn, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd“.

Ekkert um okkar, án okkar!


Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ

